

## Nútímavæða íþróttahúsið á Torfnesi

- **Innstungur inn í klefanna**
- **Aðkoman að húsinu**
- **Lýsing (Verið að fara í það núna í des)**
- **Mála allt**
- **Taka niður þessar eld gömlu myndir á leiðinni inn í sal**
- **Koma fyrir setu stofu fyrir alla**
- **Gera almennilegt fundarherbergi á efri hæðinni**
- **Loftræstikerfið**

Íþróttahúsið hefur varla breyst síðan það opna fyrir aldamót. Allt er eins nema parketið á gólfinu því það hefur þurft að skipta um það. Við þurfum að nútímavæða Torfnæs og koma húsinu úr 90's stemmingu og til nútímans.

### **Innstungur í klefa**

Það eru engar innstungur fyrir rafmagn í klefunum nema ein inni kvenna klefanum hjá speglunum þar sem var örugglega hugsuð fyrir hárbلاسara. Annars þá mætti bara taka burt þessa eld gömlu hátalara sem eru inni klefunum og leiða bara rafmagn þar í gegn og setja nokkrar innstungur inn í alla klefana.

### **Lýsingin**

Lýsingin í húsinu er skelfileg, alltof dauf. Og oft hefur það verið þannig að það eru blikkandi perur dögnum saman, það er hægt að sjá vídeó af því á leikjum sem hafa verið teknir upp.

### **Aðkoman að húsinu**

Aðkoman að húsinu ef maður þekkir ekki húsið, þá veit maður ekkert að þetta sé íþróttahúsið. Ekkert sem stendur utan á með stórum stöfum TORFNES eða myndum af merkjum hjá liðunum sem nota þetta íþróttahús sem heimavöll sinn. Aðkoman og skipulag og umgjörðin fyrir leiki skiptir miklu.

### **Mála allt**

Það þyrfti helst að mála allt húsið að innan, breyta um útlit og gera þetta velkomnara.

### **Taka niður gamlar myndir**

Þegar komið er inn í húsið og labbað er inn í sal þá taka við manni eld gamlar myndir uppi á veggjum sem eiga ekki heima þar. Taka þyrfti þær niður og setja upp nýjar myndir eða koma fyrir bikar skápum. Nýjar myndir eins og af liðunum sem eru að spila núna í körfunni, handboltanum og blakinu ættu til dæmis meira heima uppi á veggnum. Þessar gömlu væri hægt að setja upp annarsstaðar eða fara með þær á ljósmyndasafnið.

### **Setu stofa**

Þekkt vandamál er á Torfnesi að hvergi geta börn sem og fullorðnir setið og beðið eftir æfingum sínum eða íþróttatíma. Sjónvarp sem er uppi á vegg í aðal rýminu en hvergi hægt að sitja og horfa á það. Það er einn sófi þar lítill upp við vegginn sem tekur 3 kannski 5 hámark. Koma þyrfti upp setu stofu með borðum og sófum fyrir alla til að nota. Hægt væri þá fyrir börn að fara og skipta um föt strax þegar þau koma í húsið og svo sitja þar og bíða eftir tímanum sínum. Þá fara engar mínútur til spillis af tímunum á Torfnesi sem og þetta gerir húsið meira velkomið og barnvænt. Einnig þyrfti svo að koma fyrir afruglara hjá sjónvarpinu svo hægt væri að hafa íþróttir í gangi í sjónvarpinu.

### **Fundarherbergi á efri hæðinni**

Til staðar er fundarherbergi á efri hæð hússins, það þyrfti helst að breyta því og gera það betra. Sem dæmi koma fyrir skjávarpa og tjaldi eða sjónvarpi. Gardínur á glugganna sem snúa út í salinn. Hljóðeinangra herbergið fyrir salnum þar sem erfitt er að funda þar ef æfingar eru í gangi.

### **Loftræstikerfið**

Skoða þarf hvort loftræstikerfið virki, mikið ryk safnast léttilega inn í salnum og bendir það á að loftræstikerfið sé ekki að virka. Ef það er bilað þá þyrfti helst að fara í að laga það sem fyrst.